

## Lög og reglugerðir:

- **Lög nr. 25/1993** um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
- **Tilskipun nr. 1254/2008** um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (**Council Directive No. 2006/88/EC** on animal health requirements for aquaculture animals and products thereof, and on the prevention and control of certain diseases in aquatic animals).
- **Reglugerð nr. 168/2011** um skilyrði og kröfur vegna útgáfu heilbrigðisvottorða við markaðssetningu lagareldisdýra, afurða þeirra og innflutning þeirra inn á EES-svæðið og um skrá yfir tegundir smitferja (**Commission Regulation No. 1251/2008/EC** implementing Council Directive 2006/88/EC as regards conditions and certification requirements for the placing on the market and the import into the Community of aquaculture animals and products thereof and laying down a list of vector species).
- **Reglugerð nr. 234/2020** um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi með matvælum, fóðri o.fl., sem tekur yfir og fellir m.a. úr gildi rg. 606/2010 um vottun dýra og dýraafurða.  
(**Regulation No. 2017/625/** on official controls and other official activities performed to ensure the application of food and feed law, rules on animal health and welfare, plant health and plant protection products and repealing Council Directive 96/93/EC).

## Auk almennra reglna um útgáfu heilbrigðisvottorða skal dýralæknir fisksjúkdóma gæta sérstaklega að eftirfarandi þáttum:

Gæta skal þess að hópar hrognkelsaseiða sem flytja skal úr eldisstöð hljóti klíniska heilbrigðissskoðun innan 72 klst. fyrir flutning. Útgáfa heilbrigðisvottorðs skal aldrei eiga sér stað fyrr en að loknu klínisku eftirliti í viðkomandi upprunaeldisstöð og það staðfest að seiðin uppfylli í hvívetna skilyrði og kröfur reglugerðar nr. 168/2011.